

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Forleifaskráning



Fornleifaskráning 2019

Hellisholt á Mýrum, Sveitarfélaginu Hornafirði

Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Sigríður G. Björgvinsdóttir




Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hellisholt.....	3
Minjaskráning.....	4
Lokaorð.....	7
Heimildir.....	7
Viðauki.....	8

Inngangur

Í landi Hellisholts (L225368) í Sveitarfélaginu Hornafirði eru fyrirhugaðar framkvæmdir til uppbyggingar ferðapjónustu í sveitarfélaginu. Hellisholt eru gróin klapparholt við austur bakka Hólmsár norðan Þjóðveg 1 (sjá mynd 1). Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er hér um 10 ha landsvæði sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en verður að verslunar- og þjónustusvæði í breytingu á aðalskipulagi. Innan skipulagsreitsins stendur sumarhús og fyrirhugaðar framkvæmdir eru áætlaðar sunnan og vestan þess (sjá mynd 1 og 2).

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir.¹ Hér er því ekki um fullnaðarskráningu að ræða. Farið var á vettvang 27. febrúar 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps---gagnatæki) ásamt því að vera ljósmyndaðar. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Skipulagstillaga fyrir Hellisholt (t.h.). Deiliskipulagsreiturinn fellur innan rauða hringsins í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012---2030 (tv.). Skjáskot af www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal; Heimild: Efla Verkfræðistofa.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Mynd 2. Hellisholt og umhverfi þess, horft til austurs með skipulagssvæðið í forgrunni. Ljós. SGB, feb. 2019.

Hellisholt

Hellisholt eru þrjú samsíða klapparholt við eystri bakka Hólmsár á Mýrum. Holtin eru nyrst í landi Bakka (L160076) við jarðamörk Borgar (L160078) í austri og eyðijarðarinnar Eskey (L213516) vestan Hólmsár. Landamörk Bakka og Borgar liggja í þúfu í austasta holtinu.² Bærinn Bakki stóð um 1 km frá sjó í suðaustur frá Hellisholti. Um upphaf búsetu á Bakka er ekki vitað en í manntali árið 1703 eru tvö býli skráð með samtals 19 manns í heimili.³ Búsetu á Bakka lauk um miðja síðustu öld.

Umhverfi Hellisholts ber glöggvitni um vatnagang jökulanna á Mýrunum síðustu alda. Landsvæðið umhverfis holtin eru uppgrónir áraurar frá því Hólmsáin kvíslaðist báðum megin Hellisholts suður Bakkaland til sjávar (mynd 2). Á AMS korti af Hornafirði sést hvar meginfarvegur Hólmsár liggur austan við Hellisholtið og nefnist farvatnið þá Hellisholtsvatn sunnan þess.⁴ Í Byggðasögu Austur---Skaftafellssýslu segir: „Það má segja, að Bakkanum hafi verið fórnað til þess að verja jarðirnar austur á Mýrum fyrir ágangi Hólmsár, þegar fyrirhleðslan var gerð á 6. tugi aldarinnar, svo að Hólmsá rynni undir brú á milli Bjarndýrshóls og Eskeyjar, en það var gert með

² Kristján Benediktsson, 1972, bls. 107


³ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 109

⁴ AMS, 1951, C762 kort 6119 I

*samþykki eigenda jarðarinnar Bakka, enda var jörðin þá komin í eyði og ekki fyrirsjáanleg byggð þar áfram.*⁵

Minjaskráning

Eins og ofar greinir er deiliskipulagsreiturinn sem hér um ræðir um 10 ha lands og framkvæmdasvæðið áætlað vestast innan reitsins (sjá mynd 1). Í heild er svæðið vel gróið. Holtin eru grasi gróin, lúpína vex á jafnsléttunni, einkum vestur við árbakka Hólmsár og austast í skipulagsreitnum er skógræktarsvæði (sjá mynd 2 og 3). Á lóðinni er eitt sumarhús reist á árunum 1970 til 1980 og tveir afgirtir kartöflugarðar. Þeir hafa ekki verið í notkun undanfarna áratugi.



Mynd 3. Minjaskráningu í Hellisholti varpað á loftmynd. ©Loftmyndir ehf. Kortag: SGB, mars 2019.

Innan úttekarsvæðisins eru tveir minjastaðir sem gerð verða skil hér en þeir liggja báðir utan við skipulagsreitinn. Annars vegar örnefnið Bjarnðyrshóll vestan við Hellisholt og hins vegar heimild um fjárskjól í helli austast í Hellisholti.

Bjarnðyrshóll er lágt klapparholt vestan Hellisholts, við bakka Hólmsár rétt austan Eskeyjar (sjá mynd 3, 4 og 6). Heimildum ber ekki saman um hvort hér sé um einn eða tvo hóla að ræða því ýmist er örnefnið ritað Bjarnðyrshóll eða –hólar. Hólarnir eru tveir og liggur þjóðvegurinn austan brúarinnar á milli þeirra (sjá mynd 3).

⁵ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 108

Auðkennisnúmer: 2017:001

Staðsetning: A 669003.414 – N 422844.586

Sérheiti: Bjarndýrshóll

Tegund: Örnefni

Hlutverk: Bjarndýrsheimsókn

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand:

Hætta: Engin hætta



Mynd 4. Horft til suðurs yfir Bjarndýrshól. Ljós. SGB, mars 2019.

Lýsing: Bjarndýrshóll er um 100 m

langt og 30---50 m breitt klapparholt, breiðast nyrst. Tveir hólar eru á holtinu og lægð á milli þeirra þar sem þjóðvegurinn liggur (mynd 4 og 6). Holtið er með stefnuna NA---SV. Á hólum á bjarndýr að hafa kastað einhvern tímann í fyrndinni og haldið þar til fram á vor.⁶ Húsfrúin í Eskey færði dýrinu nyt úr kúnni á meðan það hafðist þar við. „Varð hún eftir það lánsöm og Eskey þótti síðan auðnujörð.“⁷ Frostaveturinn 1881 lá hafís víða við strendur Íslands, í kjölfar þess gengu nokkur bjarndýr á land í Austur---Skaftafellssýslu og flökkuðu um sveitirnar.⁸ Þann vetur sást til bjarndýrs á Mýrum, jafnvel fleiri en eitt. Eitt dýrið á að hafa haldið til á umræddum hól og legið þar um hríð. Hvort hér sé um sama bjarndýrið að ræða er ekki ljóst, þar sem heimildir frá þessum tíma eru ekki nákvæmar.

Í örnefnaskrá segir frá heimsókn bangsa á þann veg: „*Ekki vil ég taka þá sögn ómelta að hóllinn taki nafn af dýri því, sem þarna var á ferð frostaveturinn 1881. Ég vil halda að nafnið sé eldra en vantar þó rök. Ég þekkti konu, sem var unglingur á Eskey þann vetur og mundi komu bjarnarins. Hann hafði komið snemma dags upp á eyna, snuðrað eitthvað við bæinn, labbað svo fram á Hrafnaklett og legið þar lengi en ranglað svo burt.*“⁹

⁶ Þórður Tómasson, 1988, bls. 27

⁷ Þórður Tómasson, 1988, bls. 27

⁸ Þorsteinn Guðmundsson, 1965, bls. 368---9

⁹ Örn.skrá, VG, Eskey, 2

Austast í Hellisholti er hellir sem nýttur var sem fjárskýli og rétt, meðan búið var á Bakka. Í byggðasögu segir að „hann mun líka stundum hafa verið notaður sem stekkur eða stekkatún.“¹⁰ Hellirinn gat tekið um 100 fjár og „fé var aldrei snjóugt í honum og sagt var að hver sem mokaði hann út, myndi hljóta happ á Bakkafjöru.“¹¹

Auðkennisnúmer: 2017:002

Staðsetning: A 669408.002 – N 423226.122

Sérheiti:

Tegund: Náttúruminjar

Hlutverk: Fjárskýli/stekkur

Aldur frá: 800

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand: Heillegur

Hætta: Engin hætta



Mynd 4. Náttúrulegt aðhald er fyrir framan hellirinn sem einnig myndar gott skjól fyrir munnann. Hér er horft niður að hellismunnanum. Ljós. SGB, mars 2019.

Lýsing: Hellirinn er ofarlega í hlíðinni í norðaustanverðu holtinu. Hann er u.þ.b. 9 m á breidd og nær um 7 m inn undir hamravegginn. Náttúrulegt aðhald er fyrir framan hellisskútann sem veitir skjól fyrir norðan--- og austanáttum (sjá mynd 5 og 7---9 í viðauka).

¹⁰ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 108

¹¹ Örn.skrá, SE, Bakki --- 2.

Lokaorð

Í þessari minjaúttekt fyrir Hellisholt á Mýrum voru tveir minjastaðir skráðir, örnefnið Bjarndýrshóll og heimild um hellir sem nýttur var sem fjárskjól á meðan búið var á Bakka. Minjastaðirnir eru báðir utan við deiliskipulagsreitinn. Einnig var gerð grein fyrir yngri mannvistarleifum innan skipulagsreitsins og staðsetningu þeirra varpað á loftmynd (sjá mynd 3). Þær skilgreinast ekki sem fornminjar.

Bent skal á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngripir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Heimildir:

AMS (1951). *Höfn*. Staðfræðikort C762 – kort nr. 6119 I, 1:50000. Washington D.C.: US Army Map Service.

Efla Verkfræðistofa (2019). *Hellisholt – Deiliskipulag – Tillaga*. Sótt 20.02. 2019 á <http://www.hornafjordur.is/media/skjol/Deiliskipulag---Hellisholt---uppdrottur---og---greinargerð---2.pdf>

Kristján Benediktsson (1972). Byggðasaga Mýrarhrepps. Í *Byggðasaga Austur---Skaftafellssýslu, II. bindi* (bls. 11---127). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Loftmyndir ehf (2017). Loftmynd nr. B721---3. GeoTIFF miðflugs---litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Stefán Einarsson (1973). *Örnefnaskrá* --- Bakki. Heimildamaður: Sæmundur Halldórsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Vilhjálmur Guðmundsson (1971). *Örnefnaskrá* --- Eskey. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorsteinn Guðmundsson (1965). Hafísar, hvalir og bjarndýr. *Heima er bezt*, 15(10), 368---370.

Þórður Tómasson (1988). *Þjóðhættir og þjóðtrú. Skráð eftir Sigurði Þorsteinssyni frá Brunnhól*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Viðauki:



Mynd 6. Horft til suðvesturs í átt að Bjarndýrshól og Eskey með skipulagssvæðið í forgrunni. Ljós. SGB, feb. 2019.



Mynd 7. Norðanvert Hellisholt, rauð ör vísar á hellirinn. Ljós SGB, feb. 2019.



Mynd 8. Hellisopið séð ofan af brún holtisins. Ljós. SGB, feb. 2019.



Mynd 9. Frá fjárskjólinu í Hellisholti. Ljós. SGB, feb. 2019.